

samkvæmt 1. gr. þessara laga. Svo gilda og ákvæði laga nr. 82 26. apríl 1935 **132**
um verðtoll, sem ákveðinn er í 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglu- 31. des.
gerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þar ákveða sektir fyrir brot á
ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtolls-
skyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru
til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda til ársloka 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga. **133**
31. des.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

1. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram til Ræktunarsjóðs Íslands þann
hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935.
2. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og
árið 1935.
3. Á árinu 1936 skal aðeins greiða prestum 35 þús. kr. þess embættiskostna-
aðar, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 36 8. sept. 1931. Skal, að svo miklu
leyti sem við verður komið, haga úthlutun þessa fjár þannig, að prestar,

133

31. des.

- sem ekki eru komnir í hæstu laun, skuli einskis í missa af embættiskostnaðargreiðslum fyrr en laun og greiðsla vegna embættiskostnaðar samantlagt fara fram úr hæstu prestslaunum.
4. Á árinu 1936 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sbr. l. nr. 48 4. júní 1924 og l. nr. 9 27. maí 1925.
 5. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfæra-kaupa, sbr. l. nr. 40 7. maí 1928 og l. nr. 75 19. júní 1933, en 60000 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skiptingu verkfæra-kaupastyrks, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
 6. Á árinu 1936 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sbr. l. nr. 32 8. sept. 1931, en 42000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verður náð.
 7. Á árinu 1936 má ekki verja úr ríkissjóði meiru en 28000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. l. nr. 51 28. jan. 1935.
 8. Á árinu 1936 leggur ríkissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. l. nr. 17 7. júlí 1931.
 9. Á árinu 1936 greiðir ríkissjóður ekki herra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. l. nr. 102 19. júní 1933.
 10. Árið 1936 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, sem njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.